

Kópavogsbær  
Berglind Ósk Kjartansdóttir  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

Reykjavík 29. október 2020  
UST202010-083/A.B.  
09.04.06

### **Efni: Skógræktaráætlun - Lakheiði og Lækjarbotnar - Kópavogsbær**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skógræktaráætlun fyrir Lakheiði og Lækjarbotnar í Kópavogsbær.

Í greinargerð kemur fram að skógræktaráætlunin nær yfir 157 ha, þar af 74 há sem ráðgert er að gróðursetja í. Skógræktaráætlunin gerir ráð fyrir 117.357 plöntum. Í áætluninni er gert ráð fyrir þremur megin trjátegundum, ilmbjörk, stafafuru og lerki.

Í áætlunin er farið yfir og metin áhrif áburðargjafar á vatnsverndarsvæðið. Umhverfisstofnun telur æskilegt að metið sé í áætluninni áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins, vistgerðir og jarðmyndanir.

### **Náttúruvernd**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á markmiðum skógræktarlaga nr. 33/2019 þar sem segir að skógrækt skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd. Auk þess kemur fram í 6. gr. skógræktarlaga að í ræktunaráætlun skal fjalla um staðsetningu svæða þar sem ekki skal gróðursetja, svo sem verndarsvæða. Umhverfisstofnun bendir á að skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru vistgerðir á svæðinu sem hafa hátt og miðlungs verndargildi. Auk þess er hraun á svæðinu sem fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skógræktarsvæðisins m.a. vistgerðin Lyngmóavist á láglandi sem eru með miðlungs verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar.

Í lyngmóavist á láglandi getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), spói (*Numenius phaeopus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), lóupræll (*Calidris alpina*) og rjúpa (*Lagopus mutus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að heiðlóa og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um verndargildi svæðisins í áætluninni og metið hver áhrif framkvæmdarinnar er á vistgerðirnar og fuglalíf.

### Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir stofnunin á mikilvægi þess að það komi fram í áætluninni. Hægt er að sjá útbreiðslu hraunsins á vefsíðu NÍ, <https://serstokvernd.ni.is/>

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Áætlunin gerir ráð ræktunarreitum við jarðar hraunsins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdin raski ekki hrauninu og skógræktarsvæðin séu í hæfilegri fjarlægð frá jarðmyndunum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvæðinganna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefni leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingum sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur